**Fundargerð**

**511. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 25. september 2024.**

**Fundinn sátu:**
Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna á fundinn og setti hann klukkan 9.00.

**Fundargerðir**

1. 2409001F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 1

*Lögð fram fundargerð 1. fundar Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps frá 23. september 2024. Sveitarstjórn tók til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu liði 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12 og 13 að öðru leiti var fundargerðin lögð fram til kynningar.*

1.6 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Vinnslutillaga var forkynnt á skipulagsgátt frá 8. júlí til 22. ágúst 2024 og óskað umsagnar. Umsagnir bárust frá 14 eftirtöldum umsagnaraðilum: Sveitarfélaginu Hornafirði, Vegerðinni, Fiskistofu, Rangárþingi ytra, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landsneti, Landsvirkjun, Eldvötnum, samtökum um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Mýrdalshreppi, Skipulagsstofnun og Land og skógum. Fyrir liggur frá skipulagsráðgjafa samantekt umsagna og viðbrögð við umsögnum ásamt leiðréttum skipulagsgögnum m.t.t. umsagna.

Skipulags - og umhverfisráð samþykkir framlagða tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 og leggur til við sveitarstjórn að tillagan og umhverfisskýrsla verði auglýst skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Íbúafundur verður haldinn á kynningartíma tillögunnar.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

AF BHS JS. GPS

1.7 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðaþjónusta

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Tekin fyrir deiliskipulag ferðaþjónustu Snæbýli I. Fyrir eru 3 hús sem var 1. áfangi. Hús 4, 5, og 6 eru 2. áfangi og hús 7, 8, 9, 10 og 11 eru 3. áfangi. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 30. júní 2022. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags. Málið var áður tekið fyrir á 194. fundi Skipulagsnefndar Skaftárhrepps.

Skipulags - og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.8 1906004 - Deiliskipulag Efri Ey II og III

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Tekin fyrir deiliskipulag ferðaþjónustu Efri Ey II og III. Deiliskipulag þetta er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær til hluta af landi Efri-Eyjar II (L163319) og hluta af landi Efri Eyjar III (L163320). Skipulagssvæðið er um 3 ha. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skilgreina ramma utan um ferðaþjónustuna sem fyrir er á svæðinu og framtíðaruppbyggingu henni tengdri. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 30. júní 2022. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags. Málið var áður tekið fyrir á 194. fundi Skipulagsnefndar Skaftárhrepps.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.9 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Tekin fyrir breyting á deiliskipulagi fyrir Núpa. Tillagan sem gekk út á aukið byggingarmagn úr 3000 m2 í 4700 $m^2$ var áður auglýst með athugasemdafresti til 5. júní 2023. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags. Málið var áður tekið fyrir á 194. fundi Skipulagsnefndar Skaftárhrepps.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

BHS J.G. GH

1.10 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir Hemruhlíð. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 1. nóvember 2023. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags. Málið var áður tekið fyrir á 194. fundi Skipulagsnefndar Skaftárhrepps.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.11 2403005 - Teygingalækur-breyting á deilskipulagi

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Tekið fyrir eftir auglýsingu breyting á deiliskipulagi Teygingalæks. Þar sem auglýsingafrestur í skipulagsgátt uppfyllti ekki 6 vikna auglýsingatíma þá var hann framlengdur og auglýstur á heimasíðu Skaftárhrepps til 5. júlí 2024. Málið var áður tekið fyrir á 193 fundi Skipulagsnefndar Skaftárhrepps.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.12 2409004 - Giljaland, breyting á deiliskipulagi

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi Giljalands. Breytingin gengur út að deiliskipulagssvæðið er stækkað til suðurs og verður eftir breytingu 5,9 ha. Bætt er við byggingarreit B5 þar sem heimilt verður að reisa þjónustuhús og tæknirými, 6 smáhýsi sem hvert og eitt er 15,95 $m^2$ að grunnfleti og 4 smáhýsi 25 $m^2$ að grunnfleti.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

AT BHS JS. GG

1.13 2409010 - Deiliskipulag Kirkjubæjarklaustur, skipulagslýsing

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 1**

Lögð er fram skipulag- og matslýsing fyrir deiliskipulag sunnan Klausturveg og þrjár lóðir norðan Klausturvegar. Skipulags- og matslýsing þessi er unnin í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir miðsvæði Kirkjubæjarklausturs sem er um 20,8 ha að stærð. Helstu forsendur deiliskipulagsins eru annars vegar að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, og hins vegar að skipuleggja nýtt íþróttasvæði í sveitarfélaginu. Með skipulaginu er stutt við þá stefnu í aðalskipulagi sveitarfélagsins að byggja upp eftirsóknarvert samfélag.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

2. 2409024 - Velferðarráð Skaftárhrepps

*Lögð fram fundargerð 2. fundar Velferðarráðs Skaftárhrepps frá 5. september 2024.*

Sveitarstjórn tók til umræðu liði númer 2 og 8 á dagskrá Velferðarráðs, að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
Liður 2: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að opnunartími sundlaugar verði með eftirfarandi hætti: Mánudagar til laugardaga frá 11.00 til 19.00 og 11.00 til 15.00 á sunnudögum.
Liður 8: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt skipurit fyrir leik- og grunnskóla Skaftárhrepps.

3. 2409022 - Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

*Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Álftaversafréttar frá 18. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

4. 2409023 - Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

*Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Álftaversafréttar frá 25. ágúst 2024, ásamt fjallskilaseðli.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

5. 2409012 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 612. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 22. ágúst 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

6. 2409013 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 613. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 13. september 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

7. 2409011 - Arnardrangur hses.

*Lögð fram fundargerð ársfundar Arnardrangs hses., frá 29. ágúst 2024, ásamt skýrslu stjórnar.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

8. 2409014 - Arnardrangur hses.

*Lögð fram fundargerð 16. fundar stjórnar Arnardrangs hses. frá 9. september 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

9. 2409015 - Bergrisinn bs

*Lögð fram fundargerð 76. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 9. september 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

10. 2409019 - Markaðsstofa Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 1. fundar nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands frá 6. maí 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

11. 2409020 - Markaðsstofa Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 2. fundar nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands frá 3. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

12. 2409021 - Markaðsstofa Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 3. fundar nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands frá 2. september 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

13. 2409016 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 73. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 21. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

BHS AG JG GBS

14. 2409017 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 74. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 16. ágúst 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

15. 2409018 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 75. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 6. september 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

16. 2409030 - Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar

*Lagður fram ársreikningur Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla fyrir árið 2023.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Farið var yfir ársreikning Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Rekstrartekjur voru 310.297.010 krónur, rekstrargjöld voru 305.092.284 krónur. Hagnaður eftir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 7.128.350 krónur. Sveitarstjórn vill þakka hjúkrunarforstjóra fyrir góðan rekstur á árinu 2023. Sveitarstjórn samþykkti og undirritaði ársreikning Hjúkrunar- og dvalarheimilisins á milli funda sinna.**

17. 2409031 - Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum.

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar samþykktir um kjör fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins.**

18. 2409025 - Matvælaráðuneytið

*Lagt fram bréf frá Matvælaráðuneytinu, dagsett 13. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar, með vísan til 8. mgr. 10. gr. a jarðalaga.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarfélagið hefur farið yfir fyrirhugaða ráðstöfun fasteignanna og áformaða nýtingu þeirra og telur að þau áform geti samrýmst skipulagsáætlunum Skaftárhrepps og annarri stefnumörkun sem við á um landnýtingu þeirra. Áformin geta fallið vel að stærð, staðsetningu og ræktunarskilyrðum fasteignanna, sem og öðrum gæðum sem þeim fylgja. Jarðirnar hafa verið í eyði og uppbygging ferðaþjónustustarfsemi á þeim er til þess fallin að styrkja búsetu á svæðinu. Slík þróun getur jafnframt verið til þess fallin að styrkja búsetu og fjölgað atvinnutækifærum sem getur með óbeinum hætti styrkt stöðu hefðbundins landbúnaðar á svæðinu.**

BHS

19. 2409026 - Starfsmannamál

**Lagt var fram bréf dagsett, 30. ágúst 2024, frá Bjarka V. Guðnasyni, þar sem hann segir upp starfi sínu sem slökkviliðsstjóri Skaftárhrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að auglýsa stöðuna. Sveitarstjóri greindi frá öðrum starfsmannamálum.**

20. 2409029 - Trúnaðarmál

**Sveitarstjóri greindi frá málinu. Málið bókað í trúnaðarbók sveitarfélagsins.**

**Skýrsla sveitarstjóra**

21. 2409028 - Fundur 511

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum og þeim framkvæmdum sem standa yfir á vegum sveitarfélagsins.**

Fundi slitið kl. 11.07.

Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir

Jón Hrafn Karlsson